

Páttaskil í löggjöf á greiðsluþjónustumarkaði: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2015/2366/EB (PSD II)¹

Margrét Einarsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík
Diljá Helgadóttir, lögfræðingur.

1. INNGANGUR	2
2. GREIÐSLUÞJÓNUSTUTILSKIPUN ESB NR. 2015/2366/EB	4
2.1 Almenn.....	4
2.2 Þörf fyrir umbætur	5
2.3 Umfang og markmið PSD II	6
3. EVRÓPSKT EFTIRLITSKERFI Á FJÁRMÁLAMARKAÐI.....	8
3.1 Almenn.....	8
3.2 Evrópska bankaeftirlitsstofnunin	8
3.3 Eftirlitshlutverk varðandi greiðsluþjónustu	9
4. NÝIR AÐILAR Á MARKAÐNUM.....	10
4.1 Almenn.....	10
4.2 Greiðsluþjónustuvirkjendur	10
4.3 Upplýsingaþjónustuveitendur	12
4.4 Samantekt.....	12
5. ÓHEIMILAÐAR GREIÐSLUR.....	13
5.1 Almenn.....	13
5.2 Tilkynning og endurgreiðsla vegna óheimilaðra greiðslna.....	13
5.3 Sterk sannvottun viðskiptavinar.....	14
5.4 Undanþágur frá beitingu sterkrar sannvottunar	15
6. ÁHRIF Á ÍSLENSKAN RÉTT	16
6.1 Almenn.....	16
6.2 Eftirlit á grundvelli EES-samningsins	16
6.3 Samspil PSD II og gildandi laga.....	17
7. NIÐURSTÖÐUR.....	18
Heimildaskrá:.....	20

ÚTDRÁTTUR

Miðlun greiðslna með notkun ýmissa smáforrita í farsímum hefur aukist stórlega síðustu misseri. Miklar breytingar eiga sér stað um þessar mundir á greiðsluþjónustumarkaði en þann 13. janúar 2018 áttu aðildarríki Evrópusambandsins að vera búin að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2015/2366/EB (PSD II) í landsrétt sinn. Tilskipunin er til skoðunar hjá sameiginlegu EES-nefndinni en áformað er að taka hana upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Í grein þessari er fjallað um forsögu tilskipunarinnar, reglur hennar og þær breytingar sem hún hefur í för með sér. Ýmis atriði koma til skoðunar í því sambandi s.s. möguleikar nýrra aðila á markaði, ábyrgð á óheimilum greiðslum og sterk sannvottun. Gera má ráð fyrir að innleiðing PSD II muni fjölga notendum greiðsluþjónustu og örva samkeppni

¹ Grein þessi hefur staðist þær faglegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt ritrýnireglum Tímarits Lögréttu.

Tímarit Lögréttu. Fræðigreinar, 2019.

Tengiliður: Halldóra Þorsteinsdóttir, halldorath@ru.is

Útgefandi: Tímarit Lögréttu.

Vefbirting: 1. október 2019.

með því að gera greiðslustofnunum auðveldara fyrir að keppa við viðskiptabanka á greiðsluþjónustumarkaði. Þessu fylgja í senn áskoranir og tækifæri, bæði fyrir markaðsaðila og stjórnvöld.

ABSTRACT

Payment transactions through the use of various mobile applications have increased greatly in recent years. Owing to the major changes that continue to occur in the payment service market on 13 January 2018 Member States of the European Union should have implemented the Directive of the European Parliament and the Council no. 2015/2366/EC (PSD II) in its national legislation. The Directive is now under consideration of the EEA Joint Committee, which intends to include it in the Agreement on the European Economic Area. This article considers the preamble of the directive, applicable rules and the changes proposed by it. Issues like the opportunities for new players in the market, liability for unauthorized payments and strong customers authentication are considered to evaluate the implications of the directive. It can be assumed that the implementation of PSD II will increase the number of payment service users and stimulate competition by making it easier for the payment institutions to compete with commercial banks in the payment service market. This is accompanied by challenges and opportunities, both for market players and the government.

1. INNGANGUR

Rafræn greiðslumiðlun hefur aukist með aðstoð internetsins og snjallsíma. Í rafrænni greiðslumiðlun felst að einstaklingar geta innt af hendi greiðslur á netinu með óhefðbundnum leiðum, t.d. í gegnum smáforrit í farsíma.² Um er að ræða nýjar lausnir þar sem greiðslur fara beint af greiðslureikningi greiðanda yfir á greiðslureikning móttakanda, í stað þess að byggt sé á hinum hefðbundnu kortakerfum, þ.e. þegar greiðandi greiðir fyrir vöru með debet- og kreditkortum.

Samevrópskar reglur um greiðsluþjónustu (e. *Payment Services Directive I*)³ voru fyrst lögfestar hérlendis með lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu.⁴ Lögin fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum.⁵ Tilskipunin felur í sér fulla samræmingu (e. *full harmonisation*) sem þýðir að takmarkaðar heimildir eru til þess að víkja frá efnisákvæðum hennar við innleiðingu í landsrétt.

² Hugtakið greiðslumiðlun er skilgreint í 10. tl. 8. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu: „Hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða verklag sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu koma sér saman um og notandinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli.“

³ Hér eftir skammstöfuð PSD.

⁴ Hér eftir skammstöfuð lgp.

⁵ Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 þann 7. nóvember 2008. Sameiginlegu EES-nefndina skipa fulltrúar samningsaðila, sbr. 93. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Sameiginlega EES-nefndin hefur það hlutverk að tryggja virka framkvæmd EES-samningsins. Hér er einkum átt við að taka ákvörðun um að tiltekin afleidd löggjöf sem stofnanir ESB hafa sett verði tekin upp í EES-samninginn. Það er gert með breytingu á viðaukum og bókunum samningsins, sbr. 98. gr. EES-samningsins; Sjá nánari umfjöllun: Margrét Einarsdóttir „Upptaka afleiddrar löggjafar í EES-samninginn og innleiðing í íslenskan rétt.“ (2015) 65 (4) *Tímarit lögfræðinga*, 545, 554-555.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Heimildir til frávika eru aðeins heimilaðar þar sem slíkt er sérstaklega tekið fram.⁶ Markmið tilskipunarinnar var að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt regluverk um greiðsluþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins.⁷ Þá gegnir tilskipunin mikilvægu hlutverki við að efla samkeppni í greiðsluþjónustu og auka vernd neytenda.⁸

Framundan eru verulegar breytingar á regluverki á sviði greiðsluþjónustu með það að augnamiði að samræma innri markað ESB⁹ fyrir öruggar rafrænar greiðslur.¹⁰ Slíkt er einnig mikilvægt til þess að styðja við vöxt efnahagsmála sambandsins og tryggja að neytendur, kaupmenn og fyrirtæki njóti betra verðs, gæða og úrvals á innri markaðnum. Jafnframt er nauðsynlegt að setja nýjar reglur til þess að skapa skilvirkni á sviði greiðsluþjónustu í heild, auka gagnsæi og styrkja vernd neytenda.¹¹

Árið 2015 samþykktu Evrópuþingið og ráðherraráðið að endurskoða reglur á sviði greiðsluþjónustu. Var það meðal annars gert til að auka samkeppni með því að veita öðrum aðilum en fjármálafyrirtækjum tækifæri til að komast inn á markað fyrir greiðsluþjónustu. Í kjölfarið leit endurnýjuð greiðsluþjónustutilskipun nr. 2015/2355/EB dagsins ljós (e. Payment Services Directive II) og var aðildarríkjum skylt að innleiða hana í landsrétt sinn fyrir 13. janúar 2018.¹² Tilskipunin PSD II mun gera neytendum og seljendum kleift að nota þjónustuveitur þriðja aðila til að stjórna fjármálum sínum. Þá mun hún opna dyr fyrir aðra aðila en fjármálafyrirtæki til að veita greiðsluþjónustu og því líklegt að hún muni hafa mikil áhrif á viðskiptabankastarfsemi. Rétt er að benda á að PSD II er enn til skoðunar hjá EES/EFTA-ríkjunum áður en hún verður lögð fyrir sameiginlegu EES-nefndina sem tekur ákvörðun um hvort taka eigi hana upp í EES-samninginn, sbr. 102. gr. samningsins. Eftir að tilskipunin hefur verið tekin upp í EES-samninginn ber að innleiða hana í landsrétt, sbr. 7. gr. EES-samningsins. Markmið þessarar greinar er að fjalla með skipulögðum hætti um þær reglur sem gilda innan

⁶ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta; Sjá nánari umfjöllun um samræmingu: Catherine Barnard, *The substantive law of the EU: The Four Freedoms* (5. útgáfa, OUP 2016), 580-600.

⁷ EES-samningurinn var undirritaður 2. maí 1992 á milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga (sem eru fyrirrennarar Evrópusambandsins) annars vegar og þáverandi aðildarríkja EFTA hins vegar (fyrir utan Sviss sem er ekki aðili að samningnum). EES-samningurinn var lögfestur hér á landi með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið sem tóku gildi 1. janúar 1994.

⁸ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál.

⁹ Innri markaður ESB grundvallast á reglunum um fjórfrelsið (e. *the four freedoms*), sem er hugtak sem vísar til fjáls flæðis vöru, launþega, þjónustu og fjármagns: Evrópuvefur. „Innri markaðurinn“ (Evrópuvefurinn 2012). <<http://evropuvefur.is/svar.php?id=62369>> skoðað 9. október 2018.

¹⁰ Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2017) <https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir_%202017_7juni.pdf> skoðað 3. nóvember 2017.

¹¹ PSD II, liður 4. og 5 í formála tilskipunarinnar.

¹² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2015/2355/EB felldi fyrri tilskipun ESB, nr. 2007/64/EB, úr gildi. Hér eftir skammstöfuð PSD II.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

ESB að því er varðar rafrænar greiðslur og hvaða breytinga má vænta á greiðsluþjónustu hér á landi í kjölfar innleiðingar reglnanna í landsrétt. Rannsóknin byggist á *legal dogmatics (de lege lata)* sem kalla mætti á íslensku *hina fræðilegu lagalegu aðferð*.¹³

Greinin er þannig uppbyggð að í öðrum kafla verður vikið að forsögu tilskipunarinnar PSD II. Þá verður fjallað um PSD II og varpað ljósi á þá meginþætti tilskipunarinnar sem skipta máli fyrir rafrænar greiðslur á hinum innri markaði ESB. Þriðji kafli inniheldur stutta umfjöllun um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði með áherslu á hlutverk Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (e. *European Banking Authority*, EBA). Í fjórða kafla er fjallað um hina nýju aðila á markaðnum, greiðsluþjónustuvirkjendur og upplýsingaþjónustuveitendur. Fimmti kafli inniheldur umfjöllun um óheimilaðar greiðslur og hver beri ábyrgð á slíkum greiðslum. Einnig er fjallað um sterka sannvottun viðskiptavinar og hvenær heimilt sé að framkvæma rafrænar greiðslur án slíkrar sannvottunar. Í sjötta kafla verður lagt mat á gildandi löggjöf hérlendis og þær breytingar sem tilskipunin kemur til með að hafa í för með sér í kjölfar innleiðingar. Að lokum verða helstu niðurstöður dregnar saman.

2. GREIÐSLUÞJÓNUSTUTILSKIPUN ESB NR. 2015/2366/EB

2.1 Almennt

Áður en fjallað verður um PSD II verður gerð grein fyrir þeim vandamálum sem komu upp í kjölfar setningar PSD, fyrri greiðsluþjónustutilskipunar ESB. Einnig verða sérstakar hliðar PSD II skoðaðar en líkt og áður hefur komið fram má í tilskipuninni finna ýmsar nýjungar í greiðsluþjónustu.

Nýjungar í greiðsluþjónustu hafa hingað til átt það sameiginlegt að vera byggðar ofan á hefðbundið kortakerfi, en hérlendis eru fjármálafyrirtæki¹⁴ oftast þeir aðilar sem bjóða upp á greiðsluþjónustu. Í íslenskum rétti er þeim einum heimilt að veita greiðsluþjónustu sem teljast til greiðsluþjónustuveitenda í skilningi lgb (sem innleiddi PSD).¹⁵ Í þessum skilningi er í fyrsta lagi átt við fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning, þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki. Í öðru lagi rafeyrisfyrirtæki, sem gert er ráð fyrir að sé sérstök

¹³ Rannsókn sem byggir á *hinni fræðilegu lagalegu aðferð (de lege lata)* á að veita „samfellda mynd af gildandi lögum“ auk þess að fela í sér nýnæmi og vera hæf til birtingar á ritryndum vettvangi, sjá t.d. Aleksander Peczenik, „A Theory of Legal Doctrine“ (2010) 14 (1) Ratio Juris 79 og Terry Hutchinson og Nigel Dunchan, „Defining and Describing What We Do: Doctrinal Legal Research“ (2012) 17 (1) Deakin Law Review online.

¹⁴ Hugtakið fjármálafyrirtæki er skilgreint í 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki: „Fjármálafyrirtæki: Viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélag verðbréfasjóða sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.“

¹⁵ Sjá upptalningu á greiðsluþjónustuveitendum í 14. tl. 8. gr. lgb.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

tegund fjármálastofnunar¹⁶ en ekki ein tegund fjármálafyrirtækja. Til nánari útskýringar þá er rafeyrisfyrirtæki lögaðili sem hefur fengið starfsleyfi til að gefa út rafeyri samkvæmt lögum nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris en starfsleyfisskilyrðin eru í megindráttum samhljóða ákvæðum lgb. Loks má í þriðja lagi nefna greiðslustofnanir¹⁷ sem teljast vera greiðsluþjónustuveitendur í skilningi lgb.¹⁸ Þessar tegundir greiðsluþjónustuveitenda eiga það sameiginlegt að vera starfsleyfis- og eftirlitsskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu.¹⁹ Í kjölfar aukinnar þróunar og tilkomu PSD II má gera ráð fyrir nýjum aðilum í greiðsluþjónustu, sem stunda ekki hefðbundna bankastarfsemi.²⁰

2.2 Þörf fyrir umbætur

Megintilgangur PSD var að skapa samræmt regluverk fyrir greiðsluþjónustu innan ESB og tryggja frjálst flæði vöru, þjónustu, vinnuafis og fjármagns, s.s. nánar er vikið að í formála tilskipunarinnar. Regluverkið átti einnig að tryggja samræmingu aðildarríkja um varúðarráðstafanir, aðgang nýrra greiðsluþjónustuaðila á markaðinn, upplýsingakröfur og réttindi og skyldur notenda við notkun greiðsluþjónustu.²¹ Þessar ráðstafanir voru taldar óhjákvæmilegar til þess að koma á einum markaði í greiðsluþjónustu sem er hluti af nauðsynlegu grunnkerfi til að koma á fót hinum innri markaði.²²

PSD tók þó ekki á því með fullnægjandi hætti hvernig takast ætti á við vandamál sem gátu komið upp í rafrænum viðskiptum í verslun á netinu.²³ Stuttur tími leið því þar til framkvæmdastjórnin byrjaði að vinna að ráðstöfunum til að takast á við þau álitæfni sem voru í brennidepli. Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar (e. *The Commission's Green Paper*), sem

¹⁶ Hugtakið fjármálastofnun er skilgreint í 17. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 16/2002 um fjármálafyrirtæki: „Fjármálastofnun: Fyrirtæki, annað en fjármálafyrirtæki, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. og 15. tölul. 1. mgr. 20. gr., þ.m.t. eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög og greiðslustofnanir í skilningi laga um greiðsluþjónustu, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði eins og þau eru skilgreind í lögum um váttryggingastarfsemi.“

¹⁷ Hugtakið greiðslustofnun er skilgreint í 12. tl. 8. gr. lgb.: „Lögaðili sem fengið hefur leyfi til starfrækslu greiðsluþjónustu skv. II. kafla hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.“

¹⁸ Dæmi um lögaðila sem starfar sem greiðslustofnun hér á landi er Kortþjónustan hf.

¹⁹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 224 – 216. mál, tengslið við lög um greiðsluþjónustu; Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál, Um 14. gr.

²⁰ Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2017) <https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir_%202017_7juni.pdf> skoðað 3. nóvember 2017.

²¹ PSD, liður 4. og 5 í formála tilskipunarinnar; Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

²² PSD, liður 1. í formála tilskipunarinnar.

²³ Rafræn viðskipti eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 31/2000/EB: „Rafræn viðskipti er rafræn þjónusta skilgreind sem sú þjónusta sem veitt er gegn greiðslu, úr fjarlægð með rafrænum búnaði að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustu.“

TÍMARIT LÖGRÉTTU

var gefin út árið 2011, var áhersla lögð á rafræna verslun í kjarna stefnumótunarinnar.²⁴ Markmiðið með grænbókinni var að hefja víðtækara samráðsferli við hagsmunaaðila til að stuðla að umbótum í því skyni að bæta innri markaðinn. Eftirfarandi yfirlýsingu er að finna í upphafi grænbókarinnar:

Öryggi, skilvirkni, samkeppnishæfni og nýjungar rafrænna greiðslna eru mikilvægar ef neytendur, kaupmenn og fyrirtæki eiga að njóta til fullnustu hins sameiginlega markaðar og í auknum mæli aukast viðskipti heimsins við rafræna verslun.²⁵

Í framhaldsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2013 um áhrif PSD, kom fram að tilskipunin hefði náð nokkrum almennum markmiðum sínum, þ.á m. að miklu leyti stuðlað að einum markaði í greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Var þar minnst á aukna samkeppni, aukið val neytenda auk þess sem ákvæði um greiðsluþjónustu urðu skilvirkari.²⁶ Þá var bent á erfiðleika með tilliti til umfangs PSD, einkum í tengslum við aukin rafræn farsímaviðskipti²⁷ og þróun ólíkra greiðslumiðla, að því er varðar hver bæri ábyrgð á óheimilum eða ranglega framkvæmdum greiðslum, t.d. vegna kortasvika. Að auki kom í ljós að þrátt fyrir að PSD fæli í sér fulla samræmingu hefði óskýrleiki tilskipunarinnar leitt til ólíkrar nálgunar aðildarríkja sem leiddi til þess að markmið um samræmt regluverk fyrir greiðsluþjónustu hafði ekki náðst.²⁸

2.3 Umfang og markmið PSD II

Í því skyni að bregðast við ofangreindum annmörkum og stuðla að frekari þróun rafrænnar verslunar lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að PSD II.²⁹ Í tillögunni var bent á að breyttar

²⁴ Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar er að finna álit ýmissa sérfræðinga á viðkomandi sviði, vísindamanna og innlendra stofnana til að hvetja til umræðu um tiltekin málefni á evrópskum vettvangi. Grænbók getur leitt til lagaþróunar sem síðan er að finna í drögum að Hvítbókinni (e. *The White Paper*): Forsætisráðuneytið „Skýrsla stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins“ (2015 Forsætisráðuneyti) <<https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/skyrsla-styrihops-um-framkvaemd-EES.pdf>> skoðað 30. október 2017.

²⁵ European Commission. „Towards an integrated European market for card, Internet and mobile payments COM“ (2011) 941 final, 2; þýðing höf.

²⁶ Mary Donnelly „Payments in the digital market: Evaluating the contribution of Payment Services Directive II“ (2016) 32 (6) *Computer Law & Security Review*, 827, 828; London Economics and iff in association with PaySays, „Study on the impact of directive 2007/64/EC on payment services in the internal market and on the application of regulation (EC) No. 924/2009 on cross-border payments in the community“ (European Commission Febrúar 2013) ix <https://ec.europa.eu/info/system/files/study-impact-psd-24072013_en.pdf> skoðað 7. ágúst 2018.

²⁷ Um reglur sem gilda í rafrænum farsímaviðskiptum sjá t.d. R. Kemp „Mobile payments: Current and emerging regulatory and contracting issues“ (2013) 27 *Computer Law & Security Review* 175-179.

²⁸ London Economics and iff in association with PaySays, „Study on the impact of directive 2007/64/EC on payment services in the internal market and on the application of regulation (EC) No. 924/2009 on cross-border payments in the community“ (European Commission Febrúar 2013) ix <https://ec.europa.eu/info/system/files/study-impact-psd-24072013_en.pdf> skoðað 7. ágúst 2018.

²⁹ Commission, „Proposal for a directive of the European Parliament and of the council on payment services in the internal market and amending Directives 2002/65/EC, 2013/36/EU and 2009/110/EC and repealing Directive 2007/64/EC“ COM (2013) 547 final.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

greiðsluvenjur neytenda, aukin notkun rafrænnar verslunar og vinsældir snjallsíma væru atriði sem hefðu áhrif á nýjungar í greiðslumiðlun. Framkvæmdastjórnin lagði sem áður áherslu á að fyrirhuguð tilskipun myndi gera neytendum og seljendum kleift að njóta ávinnings af innri markaðnum, einkum varðandi rafræna verslun.³⁰

PSD II tók gildi í ESB 12. janúar 2016 en aðildarríkjum sambandsins var skylt að innleiða tilskipunina í landsrétt sinn fyrir 13. janúar 2018. PSD II (líkt og PSD) kveður á um stofnun, heimild og eftirlit með greiðsluþjónustu innan ESB, sbr. 2. gr. tilskipunarinnar. Markmið hennar er líkt og áður hefur komið fram að samræma regluverk innri markaðarins fyrir rafrænar greiðslur innan ESB. PSD II setur ítarlegri reglur um greiðsluþjónustu með það að markmiði að gera alþjóðlegar greiðslur (innan ESB) eins einfaldar, skilvirkar og öruggar og þær væru innan eins aðildarríkis. Leitast er við að opna greiðslumarkað fyrir nýja aðila sem leiðir til aukinnar samkeppni og fleiri valmöguleika.

Gera má ráð fyrir að innleiðing PSD II komi til með að hafa í för með sér fjölgun notenda greiðsluþjónustu og stuðla að aukinni samkeppni með því að gera greiðslustofnunum auðveldara fyrir að keppa við banka í veitingu greiðsluþjónustu. Þá mun PSD II gera greiðsluþjónustuveitendum kleift að fá aðgang að bankareikningsupplýsingum notanda þjónustunnar gegn fyrirfram gefnu samþykki hans. PSD II mun ná til þeirra sem þegar starfa á markaði greiðsluþjónustu án þess að gildandi regluverk nái til starfseminnar og með því auka enn frekar neytendavernd. Má því færa rök fyrir því að regluverkið sé til þess fallið að jafna samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja sem lúta ströngu regluverki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki gagnvart nýjum aðilum á markaðnum sem bjóða upp á óhefðbundnar lausnir.

PSD II felur í sér fulla samræmingu og eru heimildir til frávika aðeins þær sem taldar eru upp í 1. mgr. 107. gr. tilskipunarinnar.³¹ Í ljósi þess að illa tókst að samræma milli aðildarríkja þá löggjöf sem innleidd var í kjölfar PSD þá eru möguleikar á undanþágum af skornum skammti í PSD II, sbr. 3. mgr. 107. gr. PSD II.³²

³⁰ Commission, „Proposal for a directive of the European Parliament and of the council on payment services in the internal market and amending Directives 2002/65/EC, 2013/36/EU and 2009/110/EC and repealing Directive 2007/64/EC“ COM (2013) 547 final.

³¹ Í 2. mgr. 107. gr. PSD II kemur fram að kjósi aðildarríki að nýta sér þær heimildir sem getið er í 1. mgr. 107. gr. PSD II beri því tafarlaust að tilkynna framkvæmdarstjórninni um það og þær breytingar sem verða í kjölfarið. Framkvæmdarstjórnin skal birta upplýsingarnar opinberlega á vefsíðu eða með öðrum aðgengilegum hætti.

³² Samanburður á 1. mgr. 86. gr. PSD og 1. mgr. 107. gr. PSD II.

3. EVRÓPSKT EFTIRLITSKERFI Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

3.1 Almenn

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 komu í ljós ýmsir veikleikar á regluverki ESB á sviði fjármálaþjónustu. Við þessu var brugðist m.a. með því að setja á fót þrjár nýjar eftirlitsstofnanir ESB, sem tóku til starfa þann 1. janúar 2011. Hinar nýju eftirlitsstofnanir eru þrjár talsins, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (e. *European Banking Authority*, EBA) ásamt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (e. *European Securities and Markets Authority*, ESMA) og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (e. *European Insurance and Occupational Pensions Authority*, EIOPA). Lagagrundvöll stofnanna þriggja er að finna í þrem reglugerðum ESB.³³ Hér í framhaldinu verður stuttlega rýnt í löggjöf um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Sérstök áhersla verður lögð á EBA og hlutverk stofnunarinnar í tengslum við eftirlit með greiðsluþjónustu.

3.2 Evrópska bankaeftirlitsstofnunin

Meginhlutverk EBA er að tryggja að fjármálastarfsemi á innra markaðnum fari fram í samræmi við lög og reglur.³⁴ Valdheimildir EBA til að framfylgja lögbundnu hlutverki sínu eru útfærðar nánar í reglugerð ESB nr. 1093/2010. Sér í lagi má nefna víðtækar heimildir til að krefjast upplýsinga frá eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkjanna en til þrautavara, ef eftirlitsstjórnvald getur eigi afhent ákveðnar upplýsingar hefur EBA heimild til þess að óska eftir upplýsingum beint frá aðilum á fjármálamarkaði, sbr. 35. gr. reglugerðarinnar.³⁵ EBA hefur jafnframt heimild til þess að leggja fram drög að tæknilegum eftirlits- og framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins. Stofnuninni er einnig heimilt að grípa til bindandi og óbindandi aðgerða gagnvart eftirlitsstjórnvöldum og aðilum á markaði.³⁶ Reglugerðir ESB um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði voru innleiddar hérlandis með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.³⁷

³³ Þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnunni, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðseftirlitsstofnuninni og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

³⁴ Alpt. 2016-2017, A-deild, þskj. 301 – 217. mál, 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

³⁵ Alpt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1109 – 681. mál, 3.1 Valdheimildir evrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði.

³⁶ Alpt. 2016-2017, A-deild, þskj. 301 – 217. mál, 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

³⁷ Eftirfarandi reglugerðir ESB voru innleiddar með lögum: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnunni, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðseftirlitsstofnuninni, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Þar sem meginviðfangsefni greinarinnar snýr að því að kortleggja hvaða reglur gilda innan ESB um rafrænar greiðslur verður næst fjallað um eftirlitslutverk EBA í tengslum við greiðsluþjónustu.

3.3 Eftirlitslutverk varðandi greiðsluþjónustu

Þann 13. desember 2017 birti EBA lokadrög að tæknilegum eftirlitsstöðlum (e. *regulatory technical standards*) og tæknilegum framkvæmdarstöðlum (e. *implementing technical standards*) til að gera nánari grein fyrir túlkun og skýringu á einstökum þáttum innan PSD II, sbr. 4. og 5. mgr. 15. gr. PSD II.³⁸

Staðlarnir eru tæknilegir í eðli sínu en ekki stefnumótandi, sbr. reglugerð ESB nr. 1093/2010. Aðgreining þessara hugtaka, þ.e. „tæknilegar í eðli sínu“ á móti „stefnumótandi“ byggir á því að setning efnisréttar skuli að meginstefnu til vera í höndum löggjafa sambandsins en ekki einstakra stofnana. Skilyrði þess að setja megi tæknistaðla er að sérstök lagaheimild í efnisrétti sambandsins heimili það með beinum hætti,³⁹ líkt og heimild er fyrir í PSD II, sbr. 4. og 5. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórn ESB samþykkir setningu slíkra staðla með vísan til lagaheimildar í PSD II. Setning staðlanna fer fram með ákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar eða setningu reglugerðar, með svokallaðri framseldri reglugerð (e. *Commission delegated regulation*) sé um að ræða tæknilega eftirlitsstaðla en með svokallaðri framkvæmdarreglugerð (e. *Commission implementing regulation*) sé um að ræða tæknilega framkvæmdarstaðla.⁴⁰

Staðlar settir með framangreindum hætti hafa bein réttaráhrif innan aðildarríkja ESB líkt og reglugerðir, sbr. 2. mgr. 288. gr. Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Bein réttaráhrif fela í sér að einstaklingar og lögaðilar geti byggt réttindi sín og skyldur í samskiptum sínum við yfirvöld (og eftir atvikum einstaklinga og lögaðila) í eigin landi á reglum sem settar eru af ESB. Ekki er því þörf á að innleiða reglurnar sérstaklega í landsrétt viðkomandi aðildarríkis.⁴¹

1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði ESB og um stofnun Evrópska kerfisáætturáðsins.

³⁸ European Banking Authority, Technical Standards on the EBA Register under PSD 2 <<https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/payment-services-and-electronic-money/technical-standards-on-the-eba-register-under-psd2>> skoðað 13. maí 2018.

³⁹ Arnaldur Hjartarson, *Evrópskur Bankaréttur og áhrif hans á íslenskan rétt* (Fons Juris 2017) 118-119.

⁴⁰ sama heimild 118-119.

⁴¹ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Codex 2006) 101; Margrét Einarsdóttir „Forgangsráðgjafi EES-réttar í íslenskum rétti.“ (2014) 10 (1) *Tímarit lögréttu*, 76.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Hafa ber hugfast að reglum EES-réttar er ekki ætlað að hafa bein réttaráhrif og þarf því að innleiða þær í landsrétt,⁴² sbr. einnig *dóm EFTA-dómstólsins í máli E-4/01 (Karl K. Karlsson hf.)*.⁴³ Fari svo að PSD II verði tekin upp í EES-samninginn munu staðlarnir því ekki fela í sér bein réttaráhrif innan EES-réttar.

4. NÝIR AÐILAR Á MARKAÐNUM

4.1 Almenn

Fyrir tilkomu PSD II var eina leiðin fyrir neytendur til að greiða fyrir vöru og þjónustu að fá aðgang að bankareikningi sínum í gegnum greiðslurásir sem viðskiptabanki þeirra veitti. Aukin tækniþróun hefur sett mark sitt á væntingar neytenda og kjósa neytendur í auknum mæli að nýta sér stafræna tækni til viðskipta.⁴⁴ Slíkt kallar eftir aðgengilegri og hraðari þjónustu.

PSD II boðar komu nýrra aðila, svokallaðra „þriðju aðila“ (e. *Third Party Providers*, TPPs), þ.e. greiðsluþjónustuveitenda, sem bjóða upp á nýjar og frábrugðnar greiðslulausnir og þjónustu fyrir neytendur. Þessir „þriðju aðilar“, þ.e. greiðsluþjónustuveitendur skipast í annars vegar greiðsluþjónustuvirkjendur (e. *Payment initiation service providers*, PISP)⁴⁵ og hins vegar upplýsingaþjónustuveitendur (e. *Account information service providers*, AISP)⁴⁶.

PSD II opnar fyrir aðgengi þessara þriðju aðila að greiðslureikningum viðskiptabanka, án þess að nokkurt viðskiptasamband sé á milli þeirra og viðskiptabankanna sjálfra. Á grundvelli PSD II lúta þessir þriðju aðilar, þ.e. greiðsluþjónustuveitendur, skýrum og fyrirsjáanlegum reglum sem auðveldar neytendum að gera sér grein fyrir réttarstöðu sinni gagnvart þeim.

4.2 Greiðsluþjónustuvirkjendur

Hlutverk greiðsluþjónustuvirkjenda, PISP, felst í því að auðvelda neytendum að framkvæma greiðslur á netinu. Þeir hjálpa til við að greiðsla sé framkvæmd frá bankareikningi neytanda til kaupskiptareiknings, með því að búa til brú milli viðskiptanna. Í því felst að fylla út þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma greiðslu og tilkynna kaupmanninum þegar

⁴² Halvard Haukeland Fredriksen, Gjermund Mathisen, *Eðs-rett* (Fagbokforlaget 2014) 315-316.

⁴³ Dómur EFTA-dómstólsins í máli E-4/01 Karl K. Karlsson hf. gegn íslenska ríkinu [2002] skýrsla EFTA-dómstólsins 2002, bls. 240.

⁴⁴ Birna Einarsdóttir „Bankar breytast“ *Vísbinding* (Reykjavík, 6. júlí 2017) 1-2.

⁴⁵ Í 15. mgr. 4. gr. PSD II er greiðsluþjónustuvirkjandi skilgreindur með eftirfarandi hætti: „‘payment initiation service’ means a service to initiate a payment order at the request of the payment service user with respect to a payment account held at another payment service provider.“

⁴⁶ Í 16. mgr. 4. gr. PSD II er upplýsingaþjónustuveitandi skilgreindur með eftirfarandi hætti: „‘account information service’ means an online service to provide consolidated information on one or more payment accounts held by the payment service user with either another payment service provider or with more than one payment service provider.“

TÍMARIT LÖGRÉTTU

greiðslan hefur verið framkvæmd.⁴⁷ Af þessu leiðir að frekar en að notandi þjónustunnar greiði beint frá eigin viðskiptabanka þá greiðir hann greiðsluna í gegnum greiðsluþjónustuvirkjenda. Enginn samningur þarf að vera til staðar á milli viðskiptabanka og greiðsluþjónustuvirkjenda þar sem samþykki eigenda reikningsins dugar.

Samkvæmt PSD II skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki veita starfsleyfi fyrir greiðsluþjónustuvirkjendum.⁴⁸ Þá er þess ekki krafist að þriðju aðilar séu með eigin sjóði fyrir viðskiptavinum né að þeir eigi tiltekið eigið fé.⁴⁹ Á hinn bóginn ber þeim að hafa ákveðið stofnfé⁵⁰ og ábyrgðartryggingu sem nær yfir þau svæði þar sem þeir bjóða upp á þjónustu.⁵¹

Greiðsluþjónustuvirkjendur eru háðir ýmsum viðskiptahömlum. Þeir hafa aldrei forræði yfir fjármunum neytenda heldur sjá þeir um að greiðslur séu framkvæmdar. Í 66. gr. PSD II er mælt fyrir um reglur um aðgang greiðsluþjónustuvirkjenda að upplýsingum um innlán notenda greiðsluþjónustu. Segir í ákvæðinu að aðildarríki skuli tryggja að notendum standi til boða þjónusta greiðsluþjónustuveitanda sem felur í sér að taka út reiðufé frá greiðslureikningi og aðgerðir til að stjórna greiðslureikningnum. Réttur til að nota slíka þjónustu skal ekki standa til boða í tilvikum þar sem greiðslureikningurinn er ekki aðgengilegur á netinu.

Þá leiðir af b-lið 3. mgr. 66. gr. að greiðsluþjónustuvirkjendur skulu tryggja að persónu- og öryggisupplýsingar notenda þjónustunnar séu ekki aðgengilegar öðrum aðilum. Jafnframt skulu þær vera sendar af upplýsingaþjónustuvirkjendum með öruggum og skilvirkum hætti einungis til viðtakanda greiðslu og er slíkt alltaf háð samþykki notenda.⁵² Í hvert skipti sem greiðsla er framkvæmd verður sá sem veitir greiðsluþjónustuna að bera kennsl á reikning greiðanda svo samskipti greiðanda og viðkomandi greiðsluþjónustu verði á sem öruggastan hátt í samræmi við d-lið 1. mgr. 98. gr., sbr. d-lið 3. mgr. 66. gr. PSD II. Einnig hvílir upplýsingaskylda á þeim sem veita greiðsluþjónustu. Tilkynna skal til greiðanda upplýsingar sem fela í sér staðfestingu á greiðslumiðluninni, tilvísun og fjárhæð viðskiptanna, sem og sundurliðun á gjöldum sem greiða ber greiðsluþjónustuvirkjendum.⁵³

⁴⁷ Daniel Mozdzynski, „The conceptions of new payment methods based on revised payment services directive (PSD2)“ (2017) 6 (1) *Information Systems in Management* 50, 51; European Commission – *Fact Sheet, Payment Services Directive: frequently asked questions*, Brussels, 8 October 2015.

⁴⁸ sbr. 1. mgr. 5. gr., sbr. 2. mgr. 13. gr. PSD II.

⁴⁹ sbr. 9. gr. PSD II.

⁵⁰ Um stofnfé er fjallað í 7. gr. PSD II.

⁵¹ sbr. 2. mgr. 5. gr. PSD II: Upphæðin skal vera í samræmi við viðmiðunarreglur EBA.

⁵² sbr. b og c-liður 3. mgr. 66. gr. PSD II.

⁵³ sbr. 46. gr. PSD II.

4.3 Upplýsingaþjónustuveitendur

Upplýsingaþjónustuveitendur, AISP, sinna þjónustu sem snýr að því að safna og sameina upplýsingar um greiðslureikning neytenda á einn stað. Upplýsingaþjónustuveitendur munu stuðla að því að neytendur hafi alþjóðlegt yfirlit yfir fjárhagsstöðu sína og geti greint útgjaldamynstur sitt, kostnað og fjárhagslegar þarfir á notendavænan hátt.⁵⁴ Þjónusta sem þessi gerir notendum kleift að nálgast upplýsingar frá mismunandi viðskiptabönkum á einum stað. Af þessu verður ráðið að þjónustan gæti stuðlað að betri fjármálastjórn neytenda og gerir á sama tíma bankakerfið mun notendavænna.

Upplýsingaþjónustuveitendur skulu starfa eftir starfsleyfi sem gefið er út frá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu.⁵⁵ Engar kröfur eru gerðar um tiltekið eigið fé né stofnfé.⁵⁶ Samt sem áður er þeim skylt að hafa ábyrgðartryggingu⁵⁷, líkt og greiðsluþjónustuvirkjendum. Í 67. gr. PSD II er að mælt fyrir um reglur um aðgang upplýsingaþjónustuveitenda að upplýsingum um innlán notenda greiðsluþjónustu. Segir í ákvæðinu að aðildarríki skuli tryggja að notendum standi til boða þjónusta sem gerir þeim kleift að fylgjast með greiðslureikningum sínum. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er einungis heimilt að veita slíka þjónustu að fengnu samþykki viðkomandi notanda. Á hinn bóginn er ekki gert að skilyrði að samningssamband sé á milli upplýsingaþjónustuveitenda⁵⁸ og viðskiptabanka. Þá er viðskiptabönkum óheimilt að mismuna beiðnum upplýsingaþjónustuveitenda um upplýsingar nema á grundvelli hlutlægra ástæðna.

4.4 Samantekt

Á grundvelli framangreinds er ljóst að með tilkomu PSD II geta greiðsluþjónustur verið af ýmsum toga en áður voru það einungis viðskiptabankar sem sáu um þjónustu sem þessa. Þetta kann að leiða til aukinnar samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

Loks ber að hafa í huga að hljóti þjónustuaðilar starfsleyfi til þess að veita greiðsluþjónustu, hvort sem um er að ræða greiðsluþjónustuvirkjendur eða upplýsingaþjónustuveitendur skal leyfið gilda í öllum aðildarríkjum ESB.⁵⁹ Fari svo að PSD II verði tekin upp í EES-samninginn mun framangreint eiga við um öll ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

⁵⁴ Daniel Mozdzyński, „The conceptions of new payment methods based on revised payment services directive (PSD2)“ (2017) 6 (1) *Information Systems in Management* 50, 51; European Commission – *Fact Sheet, Payment Services Directive: frequently asked questions*, Brussels, 8 October 2015.

⁵⁵ sbr. 1. mgr. 5. gr. PSD II.

⁵⁶ sbr. 1. mgr. 33. gr. PSD II.

⁵⁷ sbr. 3. mgr. 5. gr. PSD II.

⁵⁸ Vert er að benda á að hið sama á við um greiðsluþjónustuveitendur almennt, sbr. 2. mgr. 67. gr. PSD II.

⁵⁹ sbr. 9. mgr. 13. gr. PSD II.

5. ÓHEIMILAÐAR GREIÐSLUR

5.1 Almenn

Áður er rakið að markmið PSD II sé meðal annars að skapa skilvirkara regluverk og auka vernd neytenda í tengslum við greiðsluþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins.⁶⁰ Þegar óheimilaðar eða ranglega framkvæmdar greiðslur hafa átt sér stað kann að vera erfitt að endurheimta þær eða bera kennsl á þann aðila sem tók á móti þeim. Í slíkum tilvikum vaknar sú spurning hver kunni að bera ábyrgð á þess konar greiðslum. Er það notandi þjónustunnar eða greiðsluþjónustuveitandinn sem ber áhættuna?

5.2 Tilkynning og endurgreiðsla vegna óheimilaðra greiðslna

Í 71. gr. PSD II⁶¹ er fjallað um tilkynningar um óheimilaðar eða ranglega framkvæmdar greiðslur. Þar segir að ef notandi greiðsluþjónustu verði var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu þá skuli hann tilkynna greiðsluþjónustuveitanda þar um án óþarfa tafa og eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi veitti notanda greiðsluþjónustunnar ekki, eða hafði ekki aðgengilegar fyrir hann, upplýsingar um greiðsluna.

Í 73. gr. PSD II⁶² er síðan að finna reglur um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á óheimiluðum greiðslum. Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. PSD II skulu aðildarríki tryggja, án tillits til ákvæðis 71. gr., að þegar um óheimilaða greiðslu er að ræða skuli greiðsluþjónustuveitandi þegar í stað, og í síðasta lagi einum viðskiptadegi eftir að hafa verið tilkynnt um hina óheimiluðu greiðslu, endurgreiða greiðanda fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi hefur rökstuddan grun um sviksamlega háttsemi og tilkynnir lögbærum yfirvöldum skriflega þar um, eða greiðandi hafi látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum samkvæmt 69. gr. PSD II.⁶³

Kröfur 73. gr. PSD II um skriflega tilkynningu til lögbærra yfirvalda var ekki að finna í PSD og er hér um nýmæli að ræða sem líklega er ætlað að koma í veg fyrir að greiðsluþjónustuveitendur dragi það að endurgreiða greiðendum með vísan þess að þeir hafi grun um sviksamlega háttsemi. Loks segir í ákvæðinu að við endurgreiðslu skuli greiðsluþjónustuveitandi bakfæra eignfærslu á greiðslureikning til sömu stöðu og hann hefði

⁶⁰ Sjá PSD II, lið 6. í formála tilskipunarinnar.

⁶¹ Reglur gildandi íslensks réttar þar um er að finna í 1. mgr. 53. gr. lgb.

⁶² Reglur gildandi íslensks réttar þar um er að finna í 55. gr. lgb.

⁶³ sbr. 1. mgr. 73. gr. PSD II og 2. mgr. 56. gr. lgb.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

verið í ef hin óheimilaða greiðsla hefði ekki átt sér stað. Þetta á að tryggja að greiðendur verði ekki fyrir fjárhagslegum skaða sem stafar af óheimilaðri eða ranglega framkvæmdri greiðslu.⁶⁴

Ákvæði 2. mgr. 73. gr. inniheldur síðan sérreglur um réttarsamband milli greiðsluþjónustuvirkjenda og viðskiptabanka þegar óheimilaðar greiðslur hafa farið fram. Þar segir að hafi óheimiluð greiðsla átt sér stað í gegnum greiðsluþjónustuvirkjenda skuli viðskiptabanki endurgreiða greiðanda án tafar, og í síðasta lagi einum viðskiptadegi síðar. Ef greiðsluþjónustuvirkjandi ber ábyrgð á hinni óheimiluðu greiðslu skal hann bæta viðskiptabanka þann kostnað sem hann hefur orðið fyrir vegna endurgreiðslu til greiðanda.

5.3 Sterk sannvottun viðskiptavinar

Mikilvæg nýmæli er að finna í PSD II og reglugerð framkvæmdarstjórnar ESB nr. 2018/389, um sterka sannvottun. Til nánari útskýringar þá vísar sannvottun sem slík til málsmeðferðar sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna auðkenni notanda greiðsluþjónustu eða gildi notkunar tiltekinnar greiðslumiðlunar, þ.m.t. notkun persónu- og öryggisupplýsinga notandans.⁶⁵ Persónu- og öryggisupplýsingar eru sérsniðnar aðgerðir sem greiðsluþjónustuveitandi framkvæmir svo notandi geti staðfest tilvist sína. Þær aðgerðir fela t.d. í sér lykilorð, PIN-númer og stafræna undirskrift.

Hugtakið sterk sannvottun viðskiptavinar (e. *strong customer authentication*) er skilgreint í 30. tl. 4. gr. PSD II sem sannvottun sem byggist á notkun tveggja eða fleiri þátta er flokkast sem:

Þekking (nokkuð sem notandinn einn veit)⁶⁶, umráð (nokkuð sem notandinn einn hefur umráð yfir)⁶⁷ og eðlislægni (nokkuð sem notandinn er)⁶⁸ sem eru óháðir hver öðrum, þannig að brot á einum þætti hefur ekki áhrif á áreiðanleika hinna þáttanna, hannað þannig að trúnaður sannvottunargagnanna sé tryggður.⁶⁹

Sannvottun hefur það að markmiði að auka öryggi í rafrænum greiðslum og þannig stuðla að neytendavernd. Greiðsluþjónustuveitandi skal notast við sannvottun þegar viðskiptavinur, hvort sem um er að ræða einstakling eða lögaðila: i) nálgast greiðslureikning sinn á netinu; ii)

⁶⁴ Mary Donnelly „Payments in the digital market: Evaluating the contribution of Payment Services Directive II“ (2016) 32 (6) *Computer law & Security Review*, 827, 834.

⁶⁵ sbr. 29. tl. 4. gr. PSD II.

⁶⁶ Hér er t.d. átt við PIN-númer eða lykilorð.

⁶⁷ Hér er t.d. átt við greiðslukort eða farsíma.

⁶⁸ Hér er t.d. átt við fingrafar, augnskanna eða kennsl borin með raddbeitingu.

⁶⁹ Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2018)

<https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir_2018.pdf> skoðað 30. júní 2018.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

gefur fyrir mæli um rafræna greiðslu og iii) framkvæmir aðgerð sem gæti haft í för með sér hættu á greiðslusvikum eða annarri misnotkun.⁷⁰ Eins og áður hefur verið vikið að hefur EBA verið falið að þróa drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum er leggja verður til grundvallar í tengslum við sterka sannvottun viðskiptavinar.⁷¹

Hugtakið fjargreiðsla (e. *remote payment transactions*) er skilgreint í 6. tl. 4. gr. PSD II sem „greiðsla sem stofnað er til fyrir milligöngu internetsins eða með búnaði sem mögulegt er að nota til fjarskipta.“ Hugtakið var ekki að finna í PSD og felur í sér að þegar greiðandi gefur fyrir mæli um rafræna fjargreiðslu skuli tengja færslu við tiltekna fjárhæð og viðtakanda greiðslu. Hafi greiðsluþjónustuveitandi krafist sterkrar sannvottunar greiðanda við miðlun greiðslu skal greiðandi ekki bera neitt fjárhagstjón fari eitthvað úrskaiðis. Slíkt á þó ekki við í tilvikum þar sem greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi, sbr. 2. mgr. 74. gr. PSD II.⁷²

5.4 Undanþágur frá beitingu sterkrar sannvottunar

Undanþágur eru til staðar sem heimila rafrænar greiðslur án sterkrar sannvottunar. Um er að ræða aðstæður þegar greitt er með greiðslukorti sem hefur snertilausa virkni og fjárhæðin er lægri en sem nemur 60 evrum eða jafngildi þess í viðeigandi gjaldmiðli. Jafnframt þegar greitt er með fjargreiðslu, með notkun netsins eða farsíma, og fjárhæðin er lægri en 30 evrur eða jafngildi þess í þeim gjaldmiðli sem við á. Einnig er um að ræða aðstæður þegar greitt er við sjálfvirkar stöðvar vegna almenningssamgangna, t.d. við kaup á miða í lest eða strætó og fyrir notkun á bílastæðum. Ofangreindar undanþágur eru einungis heimilaðar séu skilyrði 2. gr. reglugerðar nr. 2018/389 uppfyllt og ekki aðstæður sem vísað er til í 2. mgr. 10. gr.⁷³

Mikilvægt er að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með heimildum til undanþága frá beitingu sterkrar sannvottunar og vegna óheimilaðra greiðslna enda eru gerðar kröfur um að slíkt sé skráð og vaktað af lögbærum yfirvöldum. Þá ber greiðsluþjónustuveitendum a.m.k. árlega að miðla tölfræðigögnum um falsanir og svik í sambandi við ólíkar greiðsluaðferðir til lögbærra yfirvalda sem sjá um að koma þeim áfram til Evrópska seðlabankans og EBA, sbr. 6. mgr. 96. gr. PSD II.

⁷⁰ sbr. 1. mgr. 97. gr. PSD II.

⁷¹ sbr. a-liður 1. mgr. 98. gr. PSD II.

⁷² Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2018)

<https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir_2018.pdf> skoðað 30. júní 2018.

⁷³ Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 2018/389 segir að í samræmi við 1. mgr. 10. gr. skulu greiðsluþjónustuveitendur ekki vera undanþegnir umsókn um sterka sannvottun ef annað hvort eftirfarandi skilyrða er fullnægt: a) Notandi greiðsluþjónustunnar hefur aðgang að upplýsingum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 10. gr. í fyrsta skipti; b) meira en 90 dagar hafa liðið frá því síðast þegar notandi greiðsluþjónustunnar fékk aðgang að upplýsingum á netinu sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. 10. gr. og sterkri sannvottun var beitt; þýðing höf.

6. ÁHRIF Á ÍSLENSKAN RÉTT

6.1 Almenn

Áformað er að taka PSD II upp í EES-samninginn og innleiða tilskipunina hér á landi á næstunni. Hér í framhaldinu verður vikið að því hver beri eftirlit með framkvæmd tilskipunarinnar á grundvelli EES-samningsins, með tilliti til tæknilegra eftirlits- og framkvæmdarstaðla, og hina nýju markaðsaðila svo dæmi megi nefna. Jafnframt verður fjallað um þær breytingar sem eru líklegar til að verða á löggjöf um greiðsluþjónustu hér á landi í kjölfar innleiðingar. Loks verður stuttlega rýnt í hvort þjónusta sem fellur nú undir lög nr. 33/2013 um neytendalán verði starfsleyfisfiskild með tilkomu tilskipunarinnar.

6.2 Eftirlit á grundvelli EES-samningsins

Fyrir liggur að EBA fer með eftirlitshlutverk gagnvart aðildarríkjum ESB á grundvelli reglugerðar ESB nr. 1093/2010. Í samræmi við tveggja stöða kerfi EES-samningsins mun Eftirlitsstofnun EFTA fara með sams konar eftirlitshlutverk gagnvart EES/EFTA-ríkjunum og EBA fer með gagnvart aðildarríkjum ESB.⁷⁴

Áður er rakið að reglugerðir ESB um Evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði voru innleiddar með lögum nr. 24/2017. Í frumvarpi því er varð að lögunum kemur fram að samþykkt þess sé forsenda fyrir þátttöku Íslands í hinu samevrópska eftirlitskerfi á fjármálamarkaði þar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirlit með fjármálastarfsemi EFTA ríkjanna innan EES.⁷⁵ Þá segir í 4. gr. laganna að Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annist eftirlit í sameiningu í samræmi við EES-samninginn, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer nánar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eftirlitsskyldir aðilar teljast þeir sem heyra undir framangreind lög eða önnur sérlög sem fela stofnuninni eftirlitshlutverk.⁷⁶

Á Íslandi verður það Fjármálaeftirlitið sem fer með megineftirlitshlutverk með hinum nýju markaðsaðilum, þ.e. greiðsluþjónustuvirkjendum og upplýsingaþjónustuveitendum, ásamt því að fjalla um starfsleyfisveitingu og skráningu þeirra. Það eftirlit mun meðal annars felast í því að sjá til þess að farið sé eftir þeim kröfum tilgreindar eru í PSD II, auk þess að innleiða

⁷⁴ ESA í hnotskurn (EFTA Surveillance Authority 2016) <http://www.eftasurv.int/media/annual-reports/2016-Efta-Report_Icelandic_FIN_WEB.pdf> skoðað 10. október 2018.

⁷⁵ Alþt. 2016-2017, A-deild, þskj. 301 – 217. mál, 3. Meginefni frumvarpsins.

⁷⁶ sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

tæknilegu eftirlits- og framkvæmdarstaðlana.⁷⁷ Þá verður að telja að hlutverk Fjármálaeftirlitsins sé jafnframt að sinna upplýsingaskyldu gagnvart markaðsaðilum og undirbúa þá fyrir þær breytingar sem eru í vændum.

6.3 Samspil PSD II og gildandi laga

Til skoðunar kemur hvaða áhrif PSD II muni hafa eftir innleiðingu hennar í íslenskan rétt. Í ljósi framangreindrar umfjöllunar munu breytingarnar einkum snúa að innkomu hinna nýju aðila á markað. Jafnframt verða breytingar í tengslum við tilkynningarskyldu til lögbærra yfirvalda varðandi óheimilaðar greiðslur og eftirlit varðandi beitingu sterkrar sannvottunar.

Í gildandi rétti eru greiðslur framkvæmdar með þeim hætti að þegar um er að ræða greiðslu í tilvikum sem neytandi borgar með greiðslukorti þá er færslubeiðni send í gegnum færsluhirði (greiðsluþjónustuveitenda) sem er með samning við kortaskema sem í kjölfarið hefur samband við viðskiptabankann sem gaf út kortið til að fá staðfestingu á hvort unnt sé að millifæra fjármuni af greiðslureikningi neytandans. Takist að millifæra næga fjármuni telst færslan heimiluð og greiðslan send til færsluhirðisins, sem gerir svo upp við kaupmanninn.⁷⁸

Líkt og áður hefur komið fram skilgreinir PSD II tvo nýja aðila á sviði greiðsluþjónustu, þ.e. greiðsluþjónustuvirkjendur og upplýsingaþjónustuveitendur. Fyrir liggur að enginn samningur þarf að vera á milli viðskiptabanka og aðilans sem framkvæmir greiðsluna þar sem samþykki eiganda reikningsins dugar. Með tilkomu PSD II getur kaupmaðurinn sjálfur verið greiðsluþjónustuvirkjandi og gefið út sitt eigið smáforrit. Neytendur geta þá náð í smáforritið í farsímum sínum og tengt það við greiðslureikning hjá sínum viðskiptabanka. Þetta leiðir til þess að ekki er þörf á að senda færsluna í gegnum færsluhirði eða kortaskemun. Neytendur þurfa því einungis að vera með farsímamann á sér til þess að framkvæma greiðslur. Þessu til viðbótar má benda á þann möguleika að verslanir á netinu geta jafnframt gerst greiðsluþjónustuvirkjendur þar sem hægt er að greiða samtímis og maður kaupir vöru í gegnum heimasíðu verslunarinnar. Þetta mun ekki einungis gera viðskiptin einfaldari og notendavænni heldur jafnframt draga úr kostnaði sem tengist kortakerfum og öðrum milliliðum, neytendum til hagsbóta.

Af framansögðu má ráða að verði PSD II innleidd hér á landi munu tækifæri opnast fyrir nýja aðila og lausnir á markaðnum. Í þessu sambandi er vert að athuga að ýmsar nýjar

⁷⁷ Hjálmar Stefán Brynjólfsson, „PSD2 og tæknistaðlarnir sem varða framtíðina“ (Fjármálaeftirlitið 2018) <<https://www.fme.is/media/utgefing-efni/PSD2-og-taeknistadlarnir-sem-varda-framtidina.pdf>> skoðað 10. október 2018.

⁷⁸ Friðrik Þór Snorrason, „Fjármálamarkaðurinn fyrir og eftir ný lög um greiðsluþjónustu“ (Reiknistofa bankanna 2017) <<https://www.rb.is/frett/fjarmalamarkadurinn-fyrir-og-efir-ny-log-um-greidsluthjonustu>> skoðað 15. ágúst 2018.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

greiðslulausnir hafa sprottið fram á sjónarsviðið hér á landi á undanförunum árum. Má í þessu sambandi nefna fyrirtæki á borð við Netgíró hf. og Meniga ehf. Velta má upp hvort starfsemi umræddra aðila kunni að vera starfsleyfisskyld í kjölfar innleiðingar PSD II. Netgíró hf. er fjártæknifyrirtæki sem býður upp á þjónustu sem gerir viðskiptavinum kleift að taka vaxtalaust skammtímalán þar sem viðskiptavinir þurfa ekki að greiða fyrir vöruna fyrr en 14 dögum seinna. Þjónustan er einföld á þann veg að notandi hennar þarf ekki að fylla út flókin skráningarform eða gefa út viðkvæmar persónuupplýsingar.⁷⁹ Starfsemi Netgíró hf. fellur undir lög um neytendalán. Velta má upp hvort Netgíró hf. geti talist greiðsluþjónustuvirkjandi á grundvelli PSD II.

Starfsemi Meniga ehf. felst í því að veita notendum yfirsýn yfir fjármál sín. Með þjónustunni geta notendur borið saman sín meðalútgjöld við aðra notendur Meniga ehf. og eiga þeir jafnframt kost á sérsniðnum kjörum byggðum á neysluhegðun þeirra. Á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að unnið sé með allar upplýsingar í hagkerfinu á nafnlausan og ópersónugreinanlegan hátt.⁸⁰ Aðgangur að þjónustunni er ókeypis og er hún veitt á grundvelli tvíhliða samninga við viðskiptabanka notandans. Höfundar telja að þjónustu Meniga ehf. svipi mjög til þjónustu upplýsingaþjónustuveitenda. Því kann að vera að starfsemin verði talin starfsleyfisskyld verði PSD II innleidd hér á landi.

7. NIÐURSTÖÐUR

PSD II mun marka þáttaskil í löggjöf á greiðsluþjónustumarkaði á hinu Evrópska efnahagssvæði. Tilskipunin býður til að mynda upp á mun skilvirkari nálgun varðandi reglur um greiðslur á netinu en forveri hennar, PSD.

Hinir nýju aðilar á greiðsluþjónustumarkaðnum, þ.e. greiðsluþjónustuvirkjendur og upplýsingaþjónustuveitendur, munu án efa hafa áhrif á núverandi markaðsaðila, en hingað til hafa viðskiptabankar gegnt lykilhlutverki í greiðsluþjónustu. Þannig munu valmöguleikar neytenda á sviði greiðsluþjónustu koma til með að aukast í kjölfar innleiðingar PSD II.

Neytendur munu t.d. geta notað farsíma til að greiða beint til kaupmanns hafi viðkomandi kaupmaður búnað til þess að taka á móti greiðslu með því móti. Í slíkum aðstæðum getur kaupmaðurinn sjálfur verið greiðsluþjónustuvirkjandi með sitt eigið smáforrit sem er tengt við greiðslureikning neytandans. Sú leið verður að teljast einfaldari en þegar neytandi greiðir með greiðslukorti þar sem færslubeiðni er send í gegnum færsluhirði (greiðsluþjónustuveitenda)

⁷⁹ Um okkur (Netgíró 2018) <<https://www.netgiro.is/um-okkur/>> skoðað 2. september 2018.

⁸⁰ Meniga hagkerfið (Meniga 2018) <<http://meniga.is/markadvakt/>> skoðað 2. september 2018.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

sem er með samning við kortaskema, sem hefur samband við viðkomandi viðskiptabanka til að fá staðfestingu á að heimild sé til staðar.

Að því er varðar reglur PSD II um upplýsingaþjónustuveitendur er ljóst að neytendur munu geta farið á einn og sama staðinn, s.s. í smáforrit eða á vefsíðu, til þess að fá birta heildarmynd yfir fjármál sín. Alla jafna mun slík lausn auðvelda aðgengi neytenda að fjárhagsupplýsingum sínum og jafnframt veita þeim betri yfirsýn yfir fjárhagsstöðu sína.

Þá er tilskipuninni ætlað að auka vernd neytenda, meðal annars vegna breytinga á reglum um ábyrgð á óheimiluðum greiðslum. Nánar tiltekið mun vernd notandans aukast með kröfunni um sterka sannvottun og þeirri staðreynd að greiðsluþjónustuveitendi getur ekki borið fyrir sig að greiðandi beri ábyrgð á óheimiluðum greiðslum í tilvikum þar sem sterk sannvottun hefur ekki farið fram, jafnvel þó um sé að ræða þjónustuaðila sem er undanþegin sterkri sannvottun. Til þess að tilskipunin nái markmiði sínu að þessu leyti og auki þar að leiðandi vernd neytenda er mikilvægt að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með því að greiðsluþjónustuveitendur bregðist ekki skyldum sínum hvað varðar óheimilaðar greiðslur og sterka sannvottun.

Síðast en ekki síst, mun hið nýja regluverk opna möguleika fyrir markaðsaðila til þess að starfa víðsvegar innan ESB á grundvelli sama starfsleyfis. Hið sama á við um hið Evrópska efnahagssvæði, verði PSD II tekin upp í EES-samninginn. Í því sambandi ber að hafa í huga að þegar þetta er skrifað⁸¹ hefur sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvörðun um upptöku PSD II í EES-samninginn en íslensk stjórnvöld virðast þó ganga út frá því að svo verði og hafa þegar hafist handa við undirbúning frumvarps að nýjum lögum um greiðsluþjónustu.

⁸¹ Í desember 2018.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Heimildaskrá:

Aleksander Peczenik, „A Theory of Legal Doctrine“ (2010) 14 (1) Ratio Juris

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál

Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 224 – 216. mál

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1109 – 681. mál

Alþt. 2016-2017, A-deild, þskj. 301 – 217. mál

Arnaldur Hjartarson, *Evrópskur Bankaréttur og áhrif hans á íslenskan rétt* (Fons Juris 2017)

Birna Einarsdóttir „Bankar breytast“ *Vísbinding* (Reykjavík, 6. júlí 2017)

Catherine Barnard, *The substantive law of the EU: The Four Freedoms* (5. útgáfa, OUP 2016)

Commission, „Proposal for a directive of the European Parliament and of the council on payment services in the internal market and amending Directives 2002/65/EC, 2013/36/EU and 2009/110/EC and repealing Directive 2007/64/EC“ COM (2013)

Daniel Mozdzyński, „The conceptions of new payment methods based on revised payment services directive (PSD2)“ (2017) 6 (1) *Information Systems in Management*

Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Codex 2006)

ESA í hnotskurn (EFTA Surveillance Authority 2016) <http://www.eftasurv.int/media/annual-reports/2016-Efta-Report_Icelandic_FIN_WEB.pdf>

European Banking Authority, Technical Standards on the EBA Register under PSD 2 <<https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/payment-services-and-electronic-money/technical-standards-on-the-eba-register-under-psd2>>

European Commission – *Fact Sheet, Payment Services Directive: frequently asked questions*, Brussels, 8 October 2015

European Commission. „Towards an integrated European market for card, Internet and mobile payments COM“ (2011)

Evrópuvefur. „Innri markaðurinn“ (Evrópuvefurinn 2012) <<http://evropuvefur.is/svar.php?id=62369>>

Forsætisráðuneytið „Skýrsla stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins“ (2015 Forsætisráðuneyti) <<https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/skyrsla-styrihops-um-framkvaemd-EES.pdf>>

Friðrik Þór Snorrason, „Fjármálamarkaðurinn fyrir og eftir ný lög um greiðsluþjónustu“ (Reiknistofa bankanna 2017) <<https://www.rb.is/frett/fjarmalamarkadurinn-fyrir-og-eftir-ny-log-um-greidsluthjonustu>>

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Guidelines on internet payments security (European Banking Authority 2015) <<http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/consumer-protection-and-financial-innovation/guidelines-on-the-security-of-internet-payments>>

Halvard Haukeland Fredriksen, Gjermund Mathisen, *Eøs-rett* (Fagbokforlaget 2014)

Hjálmar Stefán Brynjólfsson, „PSD2 og tæknistaðlarnir sem varða framtíðina“ (Fjármálaeftirlitið 2018) <<https://www.fme.is/media/utgefid-efni/PSD2-og-taeknistadlarnir-sem-varda-framtidina.pdf>>

London Economics and iff in association with PaySays, „Study on the impact of directive 2007/64/EC on payment services in the internal market and on the application of regulation (EC) No. 924/2009 on cross-border payments in the community“ (European Commission Febrúar 2013) ix <https://ec.europa.eu/info/system/files/study-impact-psd-24072013_en.pdf>

Margrét Einarsdóttir „Forgangsaðhrif EES-réttar í íslenskum rétti.“ (2014) 10 (1) *Tímarit lögréttu*

Margrét Einarsdóttir „Upptaka afleiddrar löggjafar í EES-samninginn og innleiðing í íslenskan rétt.“ (2015) 65 (4) *Tímarit lögfræðinga*

Mary Donnelly „Payments in the digital market: Evaluating the contribution of Payment Services Directive II“ (2016) 32 (6) *Computer law & Security Review*

Meniga hagkerfið (Meniga 2018) <<http://meniga.is/markadsvakt/>>

R. Kemp „Mobile payments: Current and emerging regulatory and contracting issues“ (2013) 27 *Computer Law & Security Review*

Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2017) <https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir_%202017_7juni.pdf>

Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2018) <https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir_2018.pdf>

Terry Hutchinson og Nigel Dunchan, „Defining and Describing What We Do: Doctrinal Legal Research“ (2012) 17 (1) *Deakin Law Review online*

Um okkur (Netgíró 2018) <<https://www.netgiro.is/um-okkur/>>